



Skýringar á álagningarreglum fasteignagjalda fyrir SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR árið 2009

1. FASTEIGNASKATTUR.

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4, 30. janúar 1995 og breytingum á þeim lögum gerðum 28. desember 1995 (lög nr. 148) og 11. desember 1996, en þar segir meðal annars:

Skatturinn skal vera sem hér segir:

- A. Allt að 0,50% af fasteignamati:
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- B. Allt að 1,32% af fasteignamati
Sjúkrastofnanir skv. Lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum. Þó skal álagningarhlutfall vera 0,44 % af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007.
- C. Allt að 1,32% af fasteignamati:
Allar aðrar fasteignir.
Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningarhlutfall um allt að 25%, hundradshluta af A- o g C-flokki

Skattprósentan er 0,50% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,62% í C-flokki.

2. LÓÐARLEIGA

Leigugjaldið 1% af fasteignamati lóðar.

3. VATNSGJALD

Álagning vatnsgjalds er gerð samkvæmt 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81, 27. des. 1991 og breytingum á þeim lögum gerðum 1995 (lög nr. 149), en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli ákveða upphæð vatnsgjalds, sem má vera allt að 0,4% af stofni, sem er fasteignarmat að viðbættu lóðarmati. Vatnsgjald er **0,18%**.

4. HOLRÆSAGJALD

Holræsagjald reiknast samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá.
Holræsagjald er **0,30%**.

5. SORPGJALD

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn skv. samþykktri gjaldskrá.
Sorphreinsigjald er föst upphæð **12.500** kr. á hverja gjaldeiningu og almennt sorpurðunargjald er föst upphæð, **6.200** kr. á hverja gjaldeiningu.
Samtals sorpgjöld eru því **18.700** kr. á gjaldeiningu.

Úr gjaldskrá

A) Íbúðir:

Einingargjald sorphirðu er kr. 12.500
Einingargjald sorpeyðingar er kr. 6.200
Einingargjald sorpeyðingar 120 ltr. tunnur kr. 3.100

B) Fyrirtæki/lögbýli með umtalsverða ferðaþjónustu:

Bæjarráð raðar starfsstöðvum fyrirtækja í flokka að teknu tilliti til umfangs rekstrar og þess sorpmagns sem almennt má reikna með að til falli.

Sorpeyðingargjald getur á grundvelli þess verið lagt á skv. eftirfarandi flokkum:

| Flokkur | kr. |
|---------|---------|
| 1. fl. | 24.800 |
| 2. fl. | 49.600 |
| 3. fl. | 62.000 |
| 4. fl. | 74.400 |
| 5. fl. | 93.000 |
| 6. fl. | 124.000 |
| 7. fl. | 186.000 |

C) Lögbýli **fyrst og fremst** í búrekstri:

Sorpeyðingargjald er kr. 12.400